



Kirkjukrakkar

Barnastarf fyrir 1. og 2. bekk

Lágafellskirkja býður uppá Kirkjukrakka, kirkjustarf fyrir börn í 1. og 2. Bekk. Kirkjukrakkar eru í samvinnu við Frístundasel Lágafellsskóla og eru einu sinni í viku, á föstudögum milli 13:20 – 14:10, frá 13. janúar til og með 27. apríl.

EKKI er nauðsynlegt að vera í Frístundaseli til að taka þátt í starfinu. Kirkjukrakkar fá aðstöðu í Lágafellsskóla og fara því ekki út af skólasvæðinu.

Kirkjukrakkar er kristilegt starf fyrir 6 – 7 ára börn þar sem þau fræðast um kristna trú og kærleika, syngja og leika sér. Börnin læra bænir, heyra helstu sögur Biblíunnar og velta fyrir sér siðferðisboðskapnum sem í þeim býr. Engin greiðsla er tekin fyrir kirkjukrakka.

Umsjón með kirkjukrökkum hefur Arndís G. Bernhardsdóttir Linn guðfræðingur. Upplýsingar í síma 866-8947.



Hægt er að skrá börnin í Kirkjukrakka með því að senda tölvupóst á netfangið: Arndis.Linn@kirkjan.is Taka þarf fram nafn, bekk og skóla barnsins.

Skráning barna frá haustönn gildir enn og því þarf ekki að skrá þau aftur.

Með kveðju frá prestum og starfsfólki Lágafellsóknar.